



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Niðurstöður af fyrsta fundi LÞN í maí 2005:

- Guðmundur L kosin fundarstjóri
- Stefán Geir kosinn gjaldkeri
(Guðmundur H hætti)
- Gunnar Örn var kosinn öldungur, mætti ekki.
- Í skrifstofunefnd var Kári kosinn.
- Jóhannes B mætti ekki.
- Viðar í upplýsinganefnd.
- Það vantar fólk í vefnefnd og ábyrgðarmaður upplýsinganefndar mun finna einhvern til að fara í það.
- (Birgir Viðar, hönnuður DE?)

Margrét og Dóra ritarar.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

**Annar fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna starfsárið 2005-2006
Haldin í Gula húsinu 5 september 2005.**

FUNDARGERÐ

Fundurinn hófst með ædruleysisbæninni. Nýir meðlimir kynntu sig og voru boðnir velkomnir til starfa.

Farið var yfir fundagerð síðustu ráðstefnu en í henni kom aðallega fram að vefmál samtakanna væru í ólestri og þyrfti að leysa úr því sem fyrst. Rætt var um vefsíðuna og leiðir til úrbóta á uppfærslu hennar og umsjónarkerfi. Áveðið var að starfsmaður skrifstofu færi í það tafarlaust og myndi í framhaldinu annast það að setja inn nýtt efni.

Á síðustu þjónusturáðstefnu var samþykkt að LPN myndi kjósa þrjá menn í millipinganefnd. Þessir voru kjörnir: Einar Þ, Gunnar og Kári. Samþykkt var með fimm atkvæðum en tveir sátu hjá.

Alþjóðafulltrúi hefur verið í góðu sambandi við félag okkar á Norðurlöndunum og kveður þá vilja meira samstarf á milli norrænu þjóðanna. Hún minnir á, í tengslum við millipinganefndina, að í Stokkhólmi árið 2006 verði haldin ráðstefna þar sem þjónustuhugtökin verða tekin fyrir. Hún lagði til að við myndum senda fulltrúa frá okkur á þessa ráðstefnu en það var ekki samþykkt. Í staðinn mun millipinganefndin gera grein fyrir störfum sínum bréfleiðis. Síðar má leggja það fyrir á þjónusturáðstefnu hvort fulltrúi frá okkur eigi erindi til Norðurlandanna.

Í lok september munu tveir fulltrúar úr LPN fara til Frankfurt á Evrópuráðstefnu. Annar spyr hvort millipinganefndin sé skilgreind sem svokallað "workshop" eða "seminar" samkvæmt hugtökunum. Eithvað var rætt um skilgreiningar nefndanna og Jóhannes minnti á að þessar nefndir eru alltaf fyrst og fremst ábyrgar gagnvart þeim sem þær þjóna, en það eru deildir landsins sem mætast á Landsþjónusturáðstefnu.

Oddamaður LPN tók fyrir bréf sem var sent frá nokkrum deildum í Reykjavík. Í þessu bréfi var rætt um að fresturinn til að velja fulltrúa á LPN ráðstefnu væri of stuttur þar sem fæstar deildir næðu að halda samviskufund áður en velja ætti fulltrúann. Það var samþykkt einróma að í framtíðinni bærisk bréfið tveimur mánuðum fyrir ráðstefnuna.

Jóhannes talaði um að á döfinni væru kynningarfundir með stað- eða svæðisbundnum upplýsinganefndum. Þessum fundum verður ætlað að veita aðstoð til að koma á fót upplýsinganefndum. Hann minnti á handbók sem liggur á skrifstofu en í henni má fræðast um hlutverk upplýsinganefnda.

Fundi var slitið með faðirvori og ákveðið að næsti fundur yrði haldinn mánudaginn 26 september kl 17:00.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

**Þriðji fundur Landsþjónustunefndar AA Samtakanna
Haldin í Gula húsinu 26. september 2005.**

FUNDARGERÐ

Fundurinn hófst með æðruleysisbæn. Fjórir meðlimir LÞN voru mættir ásamt Jóhannesi og starfsmanni skrifstofu. Tveir voru erlendis en aðrir voru forfallaðir vegna veikinda eða af öðrum orsökum.

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún var samþykkt án athugasemda.

Gjaldkeri lýsti áhyggjum sínum yfir sjóði LÞN. Að ekki væri nógu mikið í honum, en fékk upplýsingar um það frá fyrrum gjaldkera að á þessum árstíma væri oft grunnt á sjóðnum.

Rætt var um að nú bæri oft á því að það vantaði útskýringar með framlögum frá deildum. Að stundum væru upphæðir lagðar inn á nafni og kennitölu sem hvorki gjaldkeri né starfsmaður skrifstofu kunna deili á. Þetta gæti orðið til þess að misskilningur ætti sér stað. Því var ákveðið að senda öllum deildum landsis bréf þar sem þær eru hvattar til þess að láta nafn deildarinnar fylgja með á innleggs eða gíróseðli þegar lagt er inn í banka.

Fyrir nokkrum árum kom upp á rausnarlega upphæð frá deild, vantaði inn á ársyfirlitið um framlög frá deildum. Ástæðurnar fyrir þessu eru ókunnar en helst grunar menn að það hafi verið klúður í tölvukerfi sem bjó að baki, eða önnur mistök sem ekki er hægt að skýra. Ákveðið var að reyna að skoða reikninga aftur í tímann og sjá hvort ekki sé hægt að leiðrétta þessi mistök.

Talað var um hvert umfram peningar deilda fara og í hvað. Samviska deildarinnar sjálfrar getur ákveðið í hvað og hvert umfram peningar fara. Minnst var á mikilvægi þess að deildir gerðu sér grein fyrir því hvaða starf fer fram á skrifstofunni og hvernig hún þjónar samtökunum í heild sinni, en um það má lesa í Handbók Deilda sem verður bráðlega endurútgefin.

Komið var inn á elleftu erfðavenjuna og hvernig okkur beri að varast allann áróður. Jóhannes rifjaði upp atvik sem átti sér stað fyrir nokkrum árum þegar deild nokkur hélt

AA fund fyrir sjónvarp. Jóhannes talaði einnig um að það væri áhyggjuefni þegar fólk hefur AA sem sitt aðalstarf og hættir að sinna fjölskyldu og öðrum sviðum lífisins.

Starfsmaður talaði um netmálin og minnst á að uppsetning nýrrar vefsíðu þyrfti að komast í gagnid hið fyrsta. Í framhaldinu var ákveðið að ef hún væri ekki kominn í loftið á næstu tveimur vikum yrði ráðinn í verkið maður sem gæti skilað síðunni af sér á nokkrum dögum.

Fulltrúi okkar sem ætlaði að fara á Evrópuráðstefnuna forfallaðist og hans stað var samþykkt að oddamaður LÞN myndi fara til Frankfurt.

Fundi var slitið með faðirvori og ákveðið að næsti fundur yrði haldinn á sama stað, mánudaginn 31 október kl 17:00.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fjórði fundur Landsþjónustunefndar AA Samtakanna.
Haldin í Gula húsinu 31. október 2005.

FUNDARGERÐ

Fundurinn hófst með æðruleysisbæn. Átta meðlimir LPN voru mættir og starfsmaður skrifstofu. Aðrir voru forfallaðir.

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún var samþykkt án athugasemda.

Rætt var um heimasíðuna sem er enn í nýrri uppsetingu og hlekkir sem fara inn á hana. Ákveðið var að hafa mjög skýrar línur með hvaða efni færi þangað inn. Að við ættum ekki að vera með neinar utanaðkomandi tilkynningar eða annað sem er ekki beint á vegum samtakanna.

Ákveðið var að setja inn sérstakan hlekk með upplýsingum fyrir fjölmiðla.

Rifjað var upp að Hálmstráið ætti að koma út aftur og tók einn nefndarmaður það að sér að hafa samband við hina svonefndu Hálmstrásnefnd. Í Hálmstráinu má koma á framfæri allskonar tilkynningum sem snúa ekki beint að samtökunum.

Millipinganefndin er kominn með allt það efni sem hún þarf til að fara yfir konseptin. Hún segir að það verði töluvert verk að fara yfir þau og koma þeim í einfaldaða mynd sem nýtist okkur, en að þetta sé þarft verk. Talað var um að millipinganefndinni gæti nýst reynsla frá hinum norðurlöndunum í starfi sínu, en þar hafa komið upp vandræði sem mátti hugsanlega rekja til þess að vinnureglur voru ekki nægilega skýrar. Vond mál hafa komið upp í Noregi og Finnlandi, en í Finnlandi hefur það gerst að AA samtökin klotuðu í tvennt og þar starfa nú tvenn AA samtök.

Áhugi er fyrir því að fara í frekara samstarf við AA samtökin á norðurlöndunum sem gæti vonandi styrkt okkur og þau.

Ráðstefnufarar af Evrópuráðstefnu segjast vera tilbúnir með skýrslu frá ráðstefnunni fyrir næsta fund.

Lítill þáttaka var tilkynnt fyrir fund með Upplýsinganefnd og ætlar nefndin að endurskoða kynninguna og reyna að koma þessu aftur á síðar.

Fundinum var slitið með faðirvori og ákveðið að næsti fundur yrði haldinn á sama stað, Mánudaginn 28 nóvember 2005.



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fimmti fundur LÞN AA-samtakanna haldinn að Tjarnargötu 20, mánudaginn 28 nóvember 2005. Átta meðlimir LÞN mættu. Einn boðaði forföll.

FUNDARGERÐ

Fundurinn hófst á hefðbundinn hátt með því að fundarmenn stóðu upp og fóru með æðruleysisbænina.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar var lesin:

Hún var samþykkt með þeirri athugasemd að Jóhannes sé meðlimur í LÞN s.s. ekki „sjö meðlimir voru mættir ásamt Jóhannesi” heldur „áttu meðlimir mættu...”

2. LÞN menn gerðu grein fyrir störfum sínum:

Jóhannes talaði um lítinn áhuga fyrir fundi upplýsinganefndar sem áformað var að halda á adventunni. Enn eru tvær vikur til stefnu fyrir fólk að tilkynna sig á fundinn, en fram til þessa hefur enginn þátttaka verið tilkynnt. Helst vill nefndin ná til fólks á landsbyggðinni, en þar virðist lítil áhugi vera fyrir hendi enn sem komið er. Jóhannes kom með uppástungu þess efnis að ef upplýsinganefndin heimsækti landsbyggðina þá myndi áhuginn eflaust aukast.

Millipinganefnd hefur ekki fundað frá s.l. fundi LÞN og því ekkert að fréttu frá henni.

Talað var um aukið áhugaleysi AA fólks fyrir sjálfboðastörfum og þátttöku í nefndarstörfum eða þjónustu. Að áhuginn hefði verið meiri áður fyrr en tímarnir kannski breyttir.

3. Fulltrúar sem fóru á Evrópuráðstefnu lögðu fram skýrslu:

Oddamaður LÞN lagði fram stutt ágríp af helsta boðskap ráðstefnunnar í Frankfurt sem var haldin s.l. október. Að hans mati var það að sameining væri mikilvæg til þess að AA geti haldið áfram að starfa á Íslandi, en sumstaðar hefur mikil sundrung orðið í samtökunum. T.d. í Finnlandi en þar hafa nánast orðið til tvenn samtök.

Oddamaður vill frekara samstarf við norðurlöndin.

4. Önnur mál:

Gjaldkeri AA-samtakanna sagði af sér embætti sínu og annar tók við. Sá fór sjálfkrafa inn í skrifstofunefnd.

Tvær fundarskrár eru gefnar út í dag. Önnur af LÞN og hin af SAAS. Þetta er talin óþarfi. Oddamaður tekur fram að þetta sé ekki eina vandamálið, heldur sé bara ekki nóg að koma í pottinn lengur. Lagt var til að bréf yrði sent til deilda þar sem hvatt væri til þess að borgað væri meira en í pottinn.

Starfsmaður skrifstofu talaði um að megnið af starfi skrifstofumanns snúist um útgáfuna og því getur ekkert annað talist eðlilegt en að útgáfan leggi meira til LÞN til þess að greiða laun og annað, en nemur sú upphæð um 10%.

Samþykkt var að senda bréf út til deilda sem fyrst þar sem minnt væri á starf og mikilvægi skrifstofu AA.

Velja þarf fulltrúa á Alþjóðaráðstefnuna sem verður 15-19 október 2006, auk varamanns (first time delegate). Stungið var upp á Stefáni og Gunnari og það var samþykkt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Sjötti fundur Landsþjónustunefndar AA Samtakanna.
Haldinn í Gula húsinu 30. janúar 2006.

FUNDARGERÐ.

Fundurinn settur með æðruleysisbæninni.

Mættir voru: Guðmundur Ingi, Guðmundur H., Hjördís, Elísabet, Ellen, Gunnar Ö., Stefán Geir, Kári, Jóhannes og Einar. Viðar boðaði forföll.

1. Fundagerð síðasta fundar verður samþykkt síðar.

2. Meðlimir LÞN gerðu grein fyrir störfum sínum.

Kári E. tjáði sig um störf millipinganevndar, nú eru haldnir tveir fundir í mánuði. Hugmynd er um að grunnvinna fari fram í nefndum út í hverfunum (Hverfisnefndum). Það eru sjö í millipinganevnd, sem er að vinna að nýjum hugmyndum að uppbyggingu AA samtakanna, þessi vinna gengur vel segir Kári.

3. Fulltrúi Viðar, sem fór á Evrópuráðstefnu leggur fram skýrslu næst.

4. Önnur mál.

Skrifstofunefnd leggur til við LÞN ráðningu Guðmundar Inga sem starfsmannas AA samtakanna og er það einróma samþykkt.

Ákveðið er að Ellen K. fari á Alþjóðaráðstefnuna á Írlandi í staðin fyrir Gunnar Ö. með Hjördísi.

Elísabet, Kristján S. og Einar S. eialki fara í kjörnefnd fyrir LÞN og Guðmundur Ingi sem starfsmaður.

Lesið var upp bréf frá „Hverfisnefnd 1“ starfsmaður svarar því.

Bréf kom frá Finnlandi þar sem öllum er boðið á AA ráðstefnu í sumar, þann 14.7. til 16.7. í Willmannstrand, sem er opið öllu AA fólki og mökum þeirra.

Ekkert skeður með vinnu við Hálmstráið, enn til er efni í tvö blöð, sem ekki dugar.

Í afmælisnefnd verða: Guðmundur H. Kári E. Viðar H. Ellen K. og Elísabet A.

Hvað á að gera við öll gömlu Hálmstrárblöðin sem til eru á lager ?

Fundi slitið á venjulegan hátt með faðirvorinu.

Næsti fundur LÞN verður þ. 27. 02. 2006.

Ritari Elísabet.